

# SAMKEPPNI UM LISTAVERK Í ALMANNARÝMI Í VESTURBÆ REYKJAVÍKUR 2020

## DÓMNEFNDARÁLIT 2020



### INNGANGUR

Í kjölfar íbúakosningar á *Hverfið mitt* haustið 2019 var ákveðið að efna til samkeppni um gerð útilistaverks til uppsetningar í Vesturbæ Reykjavíkur. Samkeppnin var opin hugmyndasamkeppni í einu þrepi og haldin samkvæmt samkeppnisreglum Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Áhugasamir gátu sent inn að hámarki tvær tillögur að listaverki og fimm manna dómnefnd skipuð fulltrúum Reykjavíkurborgar, Íbúaráðs Vesturbæjar, Listasafns Reykjavíkur og tveim fulltrúum frá SÍM sáu um að fara yfir allar tillögur undir dulnefni og velja vinningstillögu án vitneskju um höfunda. Trúnaðarmaður var tilnefndur af SÍM til upplýsingar og ráðgjafar fyrir þátttakendur í samkeppninni.

Dómnefnd valdi tillögu nr. 100036 úr innsendum tillögum og ber vinningstillagan heitið *Sjávarmál*. Höfundar eru: Baldur Helgi Snorrason, arkitekt, Andri Snær Magnason, rithöfundur og David Hugo Cabo, arkitekt. Trúnaðarmaður samkeppninnar var viðstaddur þegar nafnaumslag var opnað og öllum samkeppnisreglum fylgt.

Listasafn Reykjavíkur hefur umsjón með útilistaverkum í Reykjavík og stendur að baki samkeppninni auk þess að vera tengiliður við hönnuði, svið og deildir Reykjavíkurborgar.

### ÁHERSLUR DÓMNEFNDAR

Verkefni dómnefndar var að fara yfir og meta allar þær tillögur sem bárust með tilliti til þeirra áherslna sem þeim var gefið. Samkeppnin var gerð á grundvelli nafnleyndar. Alls bárust sjöttíu tillögur í samkeppnina og því ljóst að erfitt starf beið dómnefndar. Við val á listaverki hafði dómnefnd forsendur samkeppninnar að leiðarljósi, þ.e. að verkið skyldi auðga mannlíf í Vesturbæ, fegra eða virkja vannýtt svæði og skapa spennandi umhverfi. Kallað var eftir fjölbreyttum hugmyndum og horft var til þess að listaverk geta haft margbreytilega virkni og notagildi, ólíkir aldurshópar geti notið þeirra eða að þau tengdust sögu svæðisins. Dómnefnd var falið að velja eina eða fleiri tillögur og hámarksupphæð sem verja mátti til framleiðslu og

uppsetningar á listaverki/listaverkum voru samtals 10 milljónir króna. Innan þeirrar fjárhæðar skyldi rúmast undirbúningur, efni, aðkeypt vinna, höfundargreiðsla og vinnuframlag höfundar.

## UMSÖGN DÓMNEFNDAR

Í samkeppni um útlitaverk fyrir Vesturbæ Reykjavíkur bárust 70 tillögur. Dómnefnd hefur komist að niðurstöðu og valið tillögu nr. 100036, sem ber heitið *Sjávarmál*.

Í forsendum samkeppninnar var kveðið á um að verkið skyldi auðga mannlíf í Vesturbæ, fegra eða virkja vannýtt svæði og skapa spennandi umhverfi. Einnig skyldi horfa til þess að verkið gæti haft margbreytilega virkni og notagildi sem höfðað gæti til ólíkra aldurshópa og/eða tengst sögu svæðisins.

Staðsetning verksins var gefin frjáls innan afmarkaðs svæðis, svo framarlega sem það væri í almannarými og að það væru ekki aðrar málefnalegar ástæður fyrir því að staðsetningin væri ótæk, t.d. vegna umferðaröryggis, minjaverndar, o.s.frv. Einnig þurfti dómnefnd að horfa til þess að tillagan væri raunhæf og að henni fylgdi kostnaðaráætlun sem útlistar skilmerkilega hvernig allur kostnaður við gerð og uppsetningu verksins fellur innan þess fjárhagsramma sem verkinu er ætlaður. Við mat á tillögum horfði dómnefnd til þess hvernig höfundur gerði grein fyrir verki sínu og hvort öll gögn sem fylgja tillögunni gefi skýra og nákvæma mynd af framkvæmdinni og hvernig verkið tengist umhverfinu.

Niðurstaða dómnefndar er sú að tillagan *Sjávarmál* uppfyllir öll skilyrði samkeppninnar með ágætum. Hugmynd verksins er skýr og aðgengileg, og formgerð þess sameinar einfalt form og marbreytilega virkni. Fyrirmynd verksins er fengin frá svokölluðum hljóðspeglum sem notaðir voru í fyrri heimstyrjöldinni og á fyrstu áratugum tuttugustu aldar til að hlusta eftir loftförum og flugvélum. Verkið kemur fyrir sjónir sem dökkur veggur sem blasir við hafi og sjóndeildarhring. Á þeirri hlið sem snýr að hafinu er steipt innbjúg skál sem safnar hljóðinu og magnar það upp með einföldu endurkasti fyrir þann sem stendur fyrir framan spegilinn. Á þeirri hlið sem snýr að byggð er hrjúfur veggur þar sem íslensk heiti fyrir hafið eru áletruð. Höfundur segir í greinargerð sinni.

Í listaverkinu *Sjávarmáli* er þessi gamla hljóðmögnumaraðferð nýtt til þess að magna upp hljóðin í hafinu. Hljóðspegillinn vísar með skálina í átt að sjóndeildarhringnum og þátttakandinn situr eða stendur fyrir framan verkið og hlustar. Á bakhlið verksins eru greytt öll samheiti sem Íslendingar hafa notað fyrir hafið og minnir okkur á 1000 ára samskipti okkar við útsæinn.

Áhrif loftslagsbreytinga á hafið eru höfundi hugleikin og verkinu er ætlað að bjóða upp á tækifæri fyrir þá sem eiga leið hjá til að staldra við og gefa hafinu, máli sjávarins, gaum og hlusta eftir því náttúran hefur að segja okkur. Strandlengjan í Reykjavík er eitt helsta útivistarsvæði borgarbúa og dómnefnd hefur fulla trú á að verkið muni skapa sér sess hjá öllum aldurshópum sem áningarstaður til að njóta nálægðar við hafið. Einnig gæti verkið reynst áhugaverður viðkomustaður fyrir skólahópa sem kennarar gætu nýtt til að fræða um áhrif loftslagsbreytinga á hafið eða hvernig hljóðbylgjur endurkastast af kúptum fleti.

Staðsetning verksins er miðuð við nálægð við hafið og fjöruborðið og lagt er til að verkið verði fundinn staður hjá Eiðsgranda milli Grandavegar og Rekagranda. Það er mat nefndarinnar að þar muni verkið njóta sín vel og virkja vannýtt svæði eins og gerð er krafa um í forsendum keppinnar. Ekkert útilistaverk er staðsett á þessu svæði og það mun auka notagildi og aðdráttarafli svæðisins fyrir íbúa og þá sem þar eiga leið um.

Í samkeppninni var fylgt samkeppnisreglum SÍM, þar sem nafnleynd hvíldi á innsendum tillögum. Trúnaðarmaður SÍM var viðstaddur yfirferð á gögnum. Dómnefnd getur staðfest að reglum hafi verið fylgt og komist hafi verið að niðurstöðu án nokkurrar vitneskju um höfunda.

## **DÓMNEFND**

Gunnar J. Árnason, listfræðingur og formaður dómnefndar.  
Tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

Aldís Arnarsdóttir, listfræðingur.  
Tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

Ásta Olga Magnúsdóttir.  
Tilnefnd af Íbúaráði Vesturbæjar.

Leifur Ýmir Eyjólfsson, myndlistarmaður.  
Tilnefnd af Innkauparáði Listasafns Reykjavíkur.

Þórólfur Jónsson, landslagsarkitekt og deildarstjóri náttúru og garða.  
Skipaður af Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

## **SÉRSTAKIR RÁÐGJAFAR DÓMNEFNDAR**

María Karen Sigurðardóttir,  
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Marta María Jónsdóttir, landslangarkitekt,  
verkefnastjóri opinna svæða hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir,  
safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Sigurður Trausti Traustason,  
deildarstjóri safneigna og rannsókna hjá Listasafni Reykjavíkur.

## **TRÚNAÐARMAÐUR**

Ástríður Magnúsdóttir, myndlistarmaður og listfræðingur.  
Tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

## VINNINGSTILLAGA - SJÁVARMÁL – DULNÚMER #100036

---

Gunnar J. Árnason, listfræðingur og formaður dómnefndar.  
Tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

---

Aldís Arnarsdóttir, listfræðingur.  
Tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

---

Ásta Olga Magnúsdóttir.  
Tilnefnd af Íbúaráði Vesturbæjar.

---

Leifur Ýmir Eyjólfsson, myndlistarmaður.  
Tilnefnd af Innkauparáði Listasafns Reykjavíkur.

---

Þórólfur Jónsson, landslagsarkitekt og deildarstjóri náttúru og garða.  
Skipaður af Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.